

## Margrét Einarsdóttir



# Ferðalag einstaklingsins milli raunfærnimats og námsleiða FA

## Inngangur

Í tengslum við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu sem nú fer fram ákvað Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að ráðast í nánari greiningu á tölfræði framhaldsfræðslunnar. Tilgangur vinnslunnar var að skoða gögn frá árunum 2017 – 2022 annars vegar yfir raunfærnimat og hins vegar námsleiðir FA og í hve miklum mæli einstaklingar ferðast á milli þessara tveggja leiða framhaldsfræðslunnar. Í þessari grein er farið yfir niðurstöður þessarar vinnslu en þær leiða í ljós að um fjórðungur þeirra sem fóru í raunfærnimat á tímabilinu fóru líka í einhverja námsleið FA auk þess sem eitthvað er um að einstaklingur fari oftár en einu sinni í raunfærnimat og/eða sækir fleiri en eina námsleið FA. Mikill munur er eftir raunfærnimatsflokkum miðað við hlutfall þeirra sem fara í hvoru tveggja í raunfærnimat og námsleið. Hlutfallið er hæst í flokki almennra bóklegra greina eða 50% en lægst innan raunfærnimats iðngreina.

## Aðferðir

Áður en niðurstöður tölfraeðivinnslunnar verða kynntar er rétt að fara aðeins yfir þær aðferðir sem notaðar voru við tölfraeðivinnsluna. Í mars síðastliðnum voru gagnaskrár um annars vegar raunfærnimat og hins vegar námsleiðir FA fyrir árin 2017-2022 sóttar í Innu en upplýsingar um alla þætti framhaldsfræðslunnar eru skráðar þar inn, rétt eins og á við um nám í framhaldsskólum á landinu. Upplýsingar um raunfærnimatið og námsleiðir FA voru keyrðar saman og búinn til einn gagnagrunnur yfir feril þeirra sem voru skráð í raunfærnimat og/eða námsleiðir FA á tímabilinu.

Gera má ráð fyrir einhverju misræmi séu niðurstöðurnar sem hér eru birtar bornar saman við útgefna tölfraeði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í útgefinni tölfraeði FA eru leiðrétt gögn í samræmi við greiðslur Fræðslusjóðs og uppgjör í lok árs en það var ekki gert í gögnunum sem hér var unnið með.

Í tölfraeðivinnslunni var unnið með fjóra raunfærnimatsflokka og fjölda þátttakenda í þeim ; almennar bóklegar greinar, löggildar iðngreinar, starfsnám og viðmið atvinnulífsins. Það er sama flokkun og notuð er í opinberri tölfraeði FA.


Nú eru um 50 opnar leiðir til raunfærnimats á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Þau sem fóru í einhverja námsleið FA var hins vegar skipt upp í sex brautarflokka, þrjá starfstengda og þrjá almenna. Starfstengdu flokkarnir þrír eru smiðjur, brúarnám (nám með námslok<sup>1</sup>) og almennt starfstengt<sup>2</sup> nám en almennu flokkarnir eru bóklegt nám, nám sem miðast að þeim sem hafa annað móturmál en íslensku og nám sem beinist að sjálfstyrkingu einstaklingsins.

## Niðurstöður

Ríflega helmingur þeirra sem fór í raunfærnimat á árunum 2017 til 2022 fór í mat í einhverri iðngrein, um þriðjungur í raunfærnimat í starfsnámi að einhverju tagi og fimmtungur í raunfærnimat innan viðmiða atvinnulífsins eins og mynd 1 sýnir.


<sup>1</sup> Brúarnám framhaldsfræðslunnar: Félagsmála- og tómstundabré, Leikskólaliðabré, Skólaliðabré, Stuðningsfulltrúabré.

<sup>2</sup> Sjá hér <https://frae.is/namskra/allar-namskrar/>




Mynd 1. Skipting í raunfærnimatsflokka (%), 2017-2022.

Hlutfall þeirra sem fóru í raunfærnimat í almennum bóklegum greinum var lægra, eða 3 %, og 2% féllu utan flokkaskiptingarinnar og fara í flokkinn „annað“. Hafa þer í huga að hluti hópsins fór í fleira en eitt raunfærnimat og að samanlagt eru prósentuhlutföllin sem hér eru birt því hærri en 100%.




Mynd 2. Fjöldi raunfærnimatskráninga (%) eftir raunfærnimatsflokkum, 2017 – 2022.

Mynd 2 sýnir að um átta prósent þeirra sem fóru í raunfærnimat fóru í fleiri en eitt raunfærnimat, þar af 6% tvisvar sinnum en 2% þrisvar sinnum eða oftar. Nokkur munur er á hlutfalli fjölskráninga eftir raunfærnimatsflokkum. Hæst er hlutfallið í almennum bóklegum greinum, eða um 26%, um 18% í iðngreinum, 14% í starfsnámi og 10% í viðmiðum atvinnulífsins.




Mynd 3. Skipting í námsleiðaflokka (%), 2017-2022.

Á mynd 3 sést að yfir helmingur, eða 56%, þátttakenda í námsleiðum FA á tímabilinu sem hér er til skoðunar fór í starfstengt nám, tæplega fjórðungur í bóknám, 17% í sjálfsstyrkingarnám af einhverju tagi, 11% í námsleiðir FA sem eru sérstaklega ætlaðar innflytjendum, 7% í smiðjur og 6% í brúarnám. Eins og var með raunfærnimatið, þá fór hluti hópsins í fleiri en eina námsleið FA á tímabilinu og samanlögð prósentuhlutföll sem hér eru birt því hærri en 100%.




Mynd 4. Fjöldi skráninga í námsleiðir FA (%), 2017-2022.

Um 17% prósent þátttakenda í námsleiðum FA hafa verið skráð í fleiri en eina námsleið, þar af 14% í tvær og 3% í þrjár eða fleiri eins og mynd 4 sýnir. Nokkur munur er á hlutfalli fjölskráninga eftir námsleiðaflokkum. Hæst er hlutfallið í bóknámi, eða 43%, en lægst í námi fyrir þau sem hafa annað móðurmál en íslensku, eða 20%.



Mynd 5. Hlutfall (%) sem fer í námsleið, eftir raunfærnimatsflokkum.

Mynd 5 sýnir hversu hátt hlutfall þátttakenda í raunfærnimat á árunum 2017-2022 fór líka í einhverja námsleið FA á sama tímabili eftir raunfærnimatsflokkum. Myndin sýnir að fjórðungur þeirra sem fóru í raunfærnimat fóru einnig í að minnsta kosti eina námsleið FA. Hins vegar var þó nokkur munur er á hlutfalli þeirra sem fóru í námsleið eftir raunfærnimatsflokkum. Hlutfallið er hæst í almennum bóklegum greinum eða 50% en lang lægst í iðngreinum eða 5%. Samtals 39% þeirra sem fóru í raunfærnimat innan viðmiða atvinnulífsins fór einnig í námsleið FA og 45% þeirra sem fóru raunfærnimat í starfsnámi eftir því sem gögnin sem hér er unnið með sýna.



Mynd 6. Raunfærnimatsflokkar eftir brautarflokkum námsleiða FA (%).

Af þeim þátttakendum sem fara í raunfærnimat og líka í einhverja námsleið FA birtist mikill munur eftir raunfærnimatsflokkum á því hvers konar námsleiðir eru sóttar eins og mynd 6 sýnir. Þannig tengist raunfærnimat í iðngreinum og í almennum bóklegum greinum fyrst og fremst bóklegu námi en raunfærnimat í starfsnámi og í viðmiðum atvinnulífs dreifist hins vegar mun jafnar á milli námsleiðaflokka. Raunfærnimat í starfsnámi tengist helst brúarnámi, starfstengdu námi og því að fara í margar ólíkar námsleiðir, en raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins tengist helst starfstengdu námi og því að fara í margar ólíkar námsleiðir.

## Samantekt

Niðurstöðurnar sem hér voru kynntar sýna að um fjórðungur þeirra sem fór í raunfærnimat á árunum 2017-2022 var einnig skráður í að minnsta kosti eina námsleið FA. Þá benda niðurstöðurnar til að eitthvað sé um að sami einstaklingurinn fari í fleira en eitt raunfærnimat og/eða í fleiri ein eina námsleið FA. Niðurstöðurnar sýna þannig að á tímabilinu 2017 – 2022 hafi átta prósent þeirra sem fóru í raunfærnimat verið skráð í fleira en eitt raunfærnimat og að um 17% þeirra sem fóru í einhverja námsleið FA hafi verið skráð í fleiri en eina námsleið. Athygli vekur að nokkur munur er á hlutfalli þeirra sem fara bæði í námsleið og raunfærnimat eftir raunfærnimatsflokkum. Aðeins 5% þeirra sem fara í raunfærnimat

Í iðngreinum fara einnig í einhverja námsleið FA, en á milli 39% og 50% þeirra sem fara í mat í öðrum flokkum. Áberandi munur er líka á því hvaða námsleiðaflokkar eru sóttir. Þau sem fara í raunfærnimat í almennum bóklegum greinum og í iðnnámi fara þannig fyrst og fremst í bóknám innan námsleiða FA á meðan þau sem fara í raunfærnimat í starfsnámi og í viðmiðum atvinnulífsins dreifist mun jafnar á námsleiðaflokka.

Niðurstöðurnar varpa mikilvægu ljósi á tengsl raunfærnimats og námsleiða FA sem símenntunarmiðstöðvarnar í kringum landið bjóða upp á og er vottað af Menntamálastofnun. Enn fremur vekja þær upp spurningar um hvað verður um þann hóp sem fer í raunfærnimat en ekki í námsleiðir FA. Lætur hann staðar numið eða liggur leið hans í frekara nám innan framhaldsskólakerfisins? Ein skýringin á því hversu lágt hlutfall fólks sem fer í raunfærnimat í iðngreinum sækir námsleiðir FA gæti til dæmis verið að leið þeirra liggja fyrst og fremst í framhaldsskólana. Raunar er það eitt af markmiðum raunfærnimats í iðngreinum að einstaklingur ljúki síðan námi í viðkomandi iðngrein innan framhaldsskólans. Enn sem komið er hefur hins vegar ekki fengist tækifæri til að tengja þau gögn sem hér var unnið með við skráningar á námi á framhaldsskólastigi til þess að hægt sé svara því hvort það sé almennt raunin. Mikil þörf væri á slíkri samtengingu gagna til þess að skýr mynd fái á ferðalagi einstaklingsins gegnum ólíkar leiðir framhaldsfræðslunnar og yfir í formlegt nám.

### Um höfundinn



Margrét Einarsdóttir er sérfræðingur hjá FA. Hún er með doktorspróf í félagsfræði frá Háskóla Íslands á sviði vinnumarkaðar og meistarapróf í mannfræði frá sama skóla. Hún hefur unnið við ýmis rannsóknartengd verkefni á liðnum árum og nær sérfræðipækking hennar til stöðu ungmenna og annarra minnihlutahópa á vinnumarkaði, kynsskipts vinnumarkaðar, félags- og skipulagsþátta vinnuverndar, norrænna velferðarkerfa og rannsóknaraðferða félagsvísinda, jafnt meginleggra (tölfræði) sem eigindlegra aðferða.